

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. apríl 2016
UST201602-297/B.S.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Brúarvirkjun í Tungufljóti. Frekari umsögn

Umhverfisstofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar 15. mars sl. um mat á umhverfisáhrifum Brúarvirkjunar í Tungufljóti. Í kjölfarið fundaði landeigandi á Brú varðandi stærð votlendis sem fram kom í frummatsskýrslu að myndi raskast við fyrirhugaðar framkvæmdir. Með tilvísan til þeirra upplýsinga taldi Umhverfisstofnun að draga mætti úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar með því að færa framkvæmdasvæðið yfir á vestari bakka árinna.

Þriðjudaginn 5. apríl voru aðstæður skoðaðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Niðurstaða þeirrar skoðunar er eftirfarandi:


Umhverfisstofnun telur að stærð votlendis sem kemur til með að raskast við framkvæmdina verði í raun minni en ráða má af frummatsskýrslu. Ekki er unnt að greina á vettvangi að votlendi stærra en 20.000 m² verði raskað við fyrirhugaða framkvæmd. Umhverfisstofnun felst á þau sjónarmið að framkvæmdir á vestari bakka árinna mun að líkindum hafa meiri neikvæð áhrif í för með sér en þær framkvæmdir sem voru aðalvalkostur framkvæmdaðila á austurbakka árinna. Umhverfisstofnun telur að við framkvæmdir á vesturbakkanum myndi þéttum birkiskógi verða raskað auk þess sem sjónræn áhrif yrðu meiri á þeim stað en Umhverfisstofnun taldi í umsögn sinni.

Umhverfisstofnun telur einnig að sjónræn áhrif virkjunar á austurbakkanum verði minni en talið var, sérstaklega ef höfð er í huga fyrirhuguð færsla núverandi þjóðveggar um Tungufljót.

Umhverfisstofnun telur að ofangreind atriði styrki enn frekar fyrri niðurstöðu stofnunarinnar að ólíklegt teljist að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri